



ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR

INNANLANDSFLUGVALLA

ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR Á
INNANLANDSFLUGVÖLLUM
Í GILDI FRÁ 1. APRÍL 2019



ISAVIA

SKILGREININGAR:

Flugvélur: Fastvængjaloftför og þyrlur auk hluta og fylgihluta, búnaðar og birgða.

Flugfélag: Flugrekstraraðili, samstarfsaðili/sameiginleg flugnúmer, sérleyfishafi og undirverktakar í flugrekstri.

Flugvöllur: Innanlandsflugvöllir Isavia.

Flugvallarrekandi: Isavia ohf.

Stjórnkerfi flugvallar: (AMS) Airport 20/20

ATC: Flugumferðarstjórn.

Ábyrgðaraðili (GDPR): Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Viðskiptavinur: Flugfélag eða annar umráðandi loftfars (umráðandi loftfars, rekstraraðili, flugrekstraraðili, flugfélag).

Afgreiðsluaðili: Persóna, fyrirtæki eða félag sem rekstraraðili hefur tilnefnt til að annast flugafgreiðslu, að hluta til eða að öllu leyti, eða umráðandi loftfars sem sjálfur annast flugafgreiðslu.

Lending: Lending loftfars.

Hámarksflugtakspýngd (MTOW): Hámark leyfðrar og skráðrar flugtaksþýngdar loftfars. Ef hámarksflugtakspýngd loftfars er breytileg, eða um er að ræða fleiri en eina skráða hámarksflugtakspýngd, verður aðeins tekin til greina hæsta skráð hámarksflugtakspýngd.

NOTAM: Tilkynning til flugmanna (hluti af samhæfðu safni flugmálaupplýsinga).

Rekstraraðili: Persóna, fyrirtæki eða félag sem á tilteknu tímabili er umráðandi loftfars.

Tími á stæði: Sá tími sem loftfar er á stæði við flugvöllinn.

Þjónusta við hreyfihamlaða (PRM): Aðstoð við hreyfihamlaða farþega.

Vinnsla persónuupplýsinga (GDPR): Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

Vinnsluaðili (GDPR): Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Leið: Hver sú flugleið sem liggur frá flugvelli til flugvallar á lokaákvörðunarstað.

Farþegi í flugstöð: Farþegi sem fer um borð í loftfar eða yfirgefur það á flugvelli. Skiptifarþegar teljast með farþegum í flugstöð.

Skiptifarþegi: Farþegi, skilgreindur af afgreiðsluaðila, sem kemur á flugvöllinn í einu loftfari og fer á brott með öðru loftfari á nýju flugnúmeri.

Tengifarþegi: Farþegi sem kemur á flugvöllinn og yfirgefur hann í sama loftfari með sama flugnúmeri. Hér teljast með farþegar sem skipta um loftfar af tæknilegum eða rekstrarlegum ástæðum, en halda áfram á sama flugnúmeri.

Sumar: Mánuðirnir maí-september.

Vetur: Mánuðirnir október-apríl.



1. ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR: NOTKUNARSVIÐ OG GILDI

Túlka skal þjónustuskilmálana samkvæmt íslenskum lögum.

Þessir skilmálar eiga við um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarþjónustu sem Isavia býður á innanlandsflugvöllum, nema skriflegt samkomulag sé um annað milli viðskiptavinar og Isavia.

Þjónustuskilmála og breytingar á þeim má nálgast á heimasíðu Isavia, www.isavia.is.

Isavia áskilur sér rétt til að breyta þessum þjónustuskilmálum.

2. NÁNARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar og skilmála varðandi þjónustu Isavia er að finna í flugmálahandbók (AIP Iceland), <http://eaip.samgongustofa.is/>, og á heimasíðu Isavia www.isavia.is. Upplýsingar og skilmálar sem birtast í flugmálahandbókinni og reglur flugvallarins mynda eina heild ásamt þessum þjónustuskilmálum. Séu þessir þjónustuskilmálar í ósamræmi við upplýsingar og skilmála flugmálahandbókarinnar skulu þessir skilmálar ganga framar.

3. STARFSEMI Á FLUGVÖLLUM

3.1. ÞJÓNUSTUSTIG. Upplýsingar um þjónustustig á flugvöllum eru birtar í flugmálahandbókinni AIP Iceland, <http://eaip.samgongustofa.is/>. Isavia áskilur sér rétt til að breyta þjónustustigi.

3.2. STARFSTÍMI Á FLUGVÖLLUM. Upplýsingar um starfstíma á flugvöllum og virkan tíma öryggis- og eftirlitsþjónustu er að finna í flugmálahandbókinni AIP Iceland <http://eaip.samgongustofa.is/>, og eru sem hér segir:

Flugvellir eru opnir eins og segir í flugmálahandbókinni AIP Iceland, <http://eaip.samgongustofa.is/>. Allar ófyrirséðar breytingar á starfstíma eru birtar í tilkynningu til flugmanna (NOTAM).

3.3. SAMRÆMD ÚTHLUTUN AFGREIÐSLUTÍMA Á INNANLANDSFLUGVÖLLUM. Flugvellirnir í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum eru samhæfðir flugvellir (Stig 1) í samræmi við Lög um loftferðir Nr. 60/1998 og Reglugerð 858/2014 sem framfylgir Reglugerð (EB) Nr. 95/93 (Reglugerð um úthlutun afgreiðslutíma).

3.4. ÚTHLUTUN STÆÐA FYRIR LOFTFÖR. Flugvallarrekandi hefur heimild til að gefa fyrirmæli um lagningu loftfars eða flutnings loftfara á milli stæða.

3.5. NAUÐSYNLEG LEYFI OG TRYGGINGAR. Samkvæmt skilmálum um notkun innanlandsflugvalla eru gerðar kröfur um að loftfar og rekstraraðili þess hafi öll gild leyfi og samþykki varðandi reksturinn samkvæmt lögum og reglugerðum. Samgöngustofa (ICETRA) annast eftirlit með flugstarfsemi á Íslandi, sjá nánar <http://www.icetra.is/>.

3.6. RÉTTUR TIL AÐ HINDRA BROTTFÖR LOFTFARS AF ÖRYGGIS- EÐA UMHVERFISÁSTÆÐUM OG VEGNA VANSKILA Á GJÖLDUM. Unnt er að hindra brottför loftfars ef:



- Ástæða er til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft, sé ekki skipað viðeigandi áhöfn eða fyrirhuguð notkun þess sé með ólögmætum hætti.
- Flugvallargjöld eða önnur gjöld í tengslum við loftfarið eða flugrekanda hafa ekki verið greidd og ásættanleg greiðslutrygging liggur ekki fyrir.
- Gjöld í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda frá loftfarinu hafa ekki verið greidd og ásættanleg greiðslutrygging liggur ekki fyrir.

3.7. FLUTNINGUR LOFTFARS

3.7.1 Flugvallarrekandi getur hvenær sem vera skal fyrirskipað flugrekstraraðila að flytja loftfar af flugvélastæði á annan stað, eða fjarlægja það af flugvellinum. Verði boðinu ekki hlítt innan tilskilins tíma, getur flugrekstraraðili þurft að sæta sérstöku gjaldi sem jafngildir áttföldu daglegu stæðisgjaldi, samkvæmt gjaldskrá fyrir innanlandsflugvelli, fyrir hverja klukkustund eða hluta klukkustundar sem loftfarið er óhreyft eftir að gefinn frestur rann út.

3.7.2 Loki bilað loftfar flugbraut eða akbraut loftfara, eða hindri með öðrum hætti starfsemi á flugvellinum, getur flugvallarrekandi gefið fyrirmæli um að fjarlægja beri loftfarið á kostnað rekstraraðila þess, í samræmi við starfsreglur flugvallarrekanda. .

4. UMHVERFI

Isavia býður flugvallarþjónustu í samræmi við skilmála starfsleyfa frá umhverfisyrirvöldum og heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags. Viðskiptavinum ber skylda til að fylgja fyrirmælum og skilmálum sem Isavia setur í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum flugvallarstarfseminnar á umhverfið. Auk þess skulu flugrekendur leita leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar.

4.1. LEYFT HLJÓÐSTIG FRÁ LOFTFÖRUM. Aðgengi að innanlandsflugvöllum og notkun þeirra er háð því skilyrði að loftför hlíti að lágmarki þeim hljóðstigsmörkum sem sett eru í Reglugerð (ESB) Nr. 216/2008. Reglur um aðgerðir til að draga úr hávaða eru birtar í flugmálahandbókinni AIP Iceland. Staðlaðar reglur um brottför loftfara gilda á sumum innanlandsflugvöllum. Þessar reglur eru meðal aðgerða ætlað að draga úr óþægindum vegna hávaða í grennd við flugvöllinn. Kort til skýringa á þessum reglum eru gefin út í AIP Iceland. Ávallt skal farið eftir þessum starfsreglum, nema annað sé samþykkt eða fyrirskipað af flugumferðarstjórn (ATC).

4.2. MINNKUN UMHVERFISÁHRIFA FLUGVALLARINS. Unnt er að draga úr hávaða frá loftloftförum og loftmengun eða losun með því að aka loftfari með slökkt á einum eða fleiri hreyflum þar sem við á og nota aflstöð á jörðu niðri eftir föngum í stað aukaafstöðvar í loftfari.

5. UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL ISAVIA

Viðskiptavinir skulu veita Isavia þær upplýsingar sem krafist er í flugmálahandbókinni AIP Iceland og í málsgreinum 5.1.-5.4 hér að neðan. Þessar upplýsingar verða lagðar til grundvallar álögðum



gjöldum og einnig til að skipuleggja og þróa starfsemi flugvallarins. Isavia er áskrifandi að flugupplýsingaskráningu FlightGlobal þar sem afla má upplýsinga um viðkomandi loftfar. Vinsamlegast hafið samband við dataupdates@flightglobal.com til að uppfæra loftfaraskráningu.

5.1. GRUNNUPPLÝSINGAR UM VIÐSKIPTAVIN. Áður en til viðskipta kemur skulu eftirfarandi grunnupplýsingar um viðskiptavin sendar til Isavia á netfangið aocc@kefairport.is

- Nafn og fullt heimilisfang flugrekstraraðila
- Tegund loftfars, þjóðerni, skrásetningarauðkenni og kallmerki
- Eintak af hljóðstigsvottorði sem veitir upplýsingar um hljóðgildi loftfarsins og skráða hámarksþyngd við flugtak (MTOW)
- Upplýsingar um tengilið vegna reikninga og rekstrarþátta:
 - Nafn viðskiptavinar
 - Póstfang
 - Netfang
 - Fyrirtækisauðkenni
 - Tengiliður sem annast rekstrar- eða viðskiptamálefni.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að veittar séu réttar upplýsingar. Berist þessar upplýsingar ekki innan tilskilins tíma, eða séu upplýsingar ófullnægjandi, mun Isavia nota bestu vitneskju sem völ er á til grundvallar innheimtu.

5.1.1 KALLMERKI. Viðskiptavinur skal láta í té nákvæmar upplýsingar um kallmerki fyrir hvert flugnúmer. Hann skal einnig upplýsa um breytingar á kallmerkjum 7 dögum áður en þær koma til framkvæmda. Ef ekki er unnt að mæta ofangreindum skilyrðum, ber viðskiptavinur ábyrgð á að veita upplýsingar um kallmerki með tölvupósti til aocc@kefairport.is

5.2. SKILABOÐ B VEGNA FLUGS. Flugfélög samhæfi sig aðila í flugafgreiðslu varðandi sendingu skilaboða Alþjóðasambands flugfélaga (IATA), tegund B, vegna komu og brottfarar á innanlandsflugvöllum. Skilaboðin skal senda annaðhvort með texta án sniðtákna í tölvupósti, eða sem alþjóðleg SITA skilaboð, en ekki hvoru tveggja. Skilaboðin verða sjálfvirkt skrá í gagnagrunn flugvalla (AODB). Þar sem skilaboðin eru meðhöndluð með sjálfvirkri aðferð er nauðsynlegt að þau séu í samræmi við IATA staðla, sem tilgreindir eru í samræmdum stöðlum IATA skv. handbók um farþegaupplýsingar, í flugvalla handbók IATA og í samþykktum og leiðbeiningum IATA um farþegaþjónustu.

5.3. PRM ÞJÓNUSTUBEIÐNIR. Flugrekendur sem nýta þjónustu á innanlandsflugvalla skulu veita hreyfihömluðum farþega aðstoð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 475/2008.

5.4. RAUNUPPLÝSINGAR UM FARÞEGA OG FARM. Upplýsingar um farþega og farm skal senda Isavia til notkunar við tölfræði og reikningavinnslu. Senda skal skilaboð, IATA tegund B, með eftirfarandi hætti:

- LDM fjöldi brottfarar- og komufarþega (DOM, INT) og magn farms
- PTM: fjöldi skiptifarþega (DOM-INT, INT-INT, INT-DOM, DOM-DOM).

Ef einhverjar spurningar koma upp varðandi þessar upplýsingar, vinsamlegast hafið samband í xx@xxx.is

Öll tæknileg vandamál eða afbrigði í sendingu skilaboða skal þegar í stað tilkynna Isavia á netfangið aocc@xxxxxxxxisavia.is. Ef viðskiptavinur getur ekki sent skilaboð, er hann eða afgreiðsluaðili hans á flugvelli ábyrgur fyrir að setja upplýsingarnar handvirkt inn í stjórnkerfi flugvallarins (AMS).



Isavia áskilur sér rétt til að óska eftir því að flugfélög sendi upplýsingar um heildarfjölda farþega eftir á og annist útreikninga til að yfirfara fjölda brottfararfarþega.

5.4.1 UPPLÝSINGAR UM FARÞEGA. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir sendingu þeirra skilaboða sem krafist er. Gerð reikninga vegna brottfararfarþega (INT DOM) byggir á þeim fjölda farþega sem tilgreindur er í LDM skilaboðum. Ef viðskiptavinur getur ekki sent skilaboð, er hann eða afgreiðsluaðili hans á flugvelli ábyrgur fyrir að setja upplýsingarnar handvirkt inn í stjórnkerfi flugvallarins (AMS). Ef engin skilaboð hafa borist verður farþegafjöldi ákvarðaður vegna reikningshalds á grundvelli fjölda farþegasæta í samræmi við upplýsingar frá FlightGlobal þjónustu eða samkvæmt bestu aðgengilegum upplýsingum.

Reikningshald vegna skiptifarþega (DOM-INT, INT-INT) byggir á fjölda farþega sem skráðir eru í skilaboðum vegna komuflugs (PTM). Ef skilaboð um skiptifarþega eru ófullnægjandi, eða skortir með öllu, byggir reikningshaldið á fjölda brottfararfarþega.

Ef ekki reynist unnt að senda öll þau skilaboð sem krafist er, ber afgreiðsluaðili viðskiptavinar ábyrgð á að allar upplýsingar um farþega séu rétt færðar í stjórnkerfi flugvallar (AMS) innan 24 klst. frá brottför. Sé ekki orðið við þessu kunna farþegaupplýsingar að byggja á hámarksflutningsgetu loftfarsins.

5.4.2 UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐAN HÁMARKSPUNGA LOFTFARS VIÐ FLUGTAK Þegar hámarkspungi loftfars við flugtak hefur ekki borist með notkun hljóðstígvottorðs, og FlightGlobal-þjónustan veitir ekki upplýsingar um skráningu viðkomandi loftfars, verður reikningshald byggt á hámarkspunga við flugtak fyrir hverja tiltekna tegund loftfars.

5.5. VIÐURLÖG VIÐ SKORTI Á UPPLÝSINGAGJÖF Ef flugfélag eða annar flugrekstraraðili veitir ekki tilgreindar upplýsingar sem nauðsynlegar eru, kann Isavia að takmarka þá þjónustu sem í boði er og neita að veita tiltekna þjónustu uns rekstraraðili loftfars hefur veitt umbeðnar upplýsingar.

Sá viðskiptavinur sem veitir upplýsingarnar er ábyrgur fyrir að tryggja að upplýsingar til að ákvarða gjöld séu réttar.

6. UPPLÝSINGAGJÖF TIL ÍSLENSKRA LANDAMÆRAYFIRVALDA

Samkvæmt lögum um landamæraeftirlit, tolla o.s.frv. og reglum sem ríkislögreglustjóri setur skal aðili eða félag sem annast rekstur loftfars er kemur erlendis frá eða er á leið úr landi bers ábyrgð á að afhenda landamærayfirvöldum, ásamt lögreglu og tolleftirliti, á viðkomandi innanlandsflugvelli skrá yfir farþega og áhöfn. Í Viðauka I er ensk þýðing á viðeigandi ákvæðum tollalaga. Í Viðauka II er ensk þýðing á reglum ríkislögreglustjóra fyrir flugfélög og flutningsaðila umskyldu þeirra til að senda upplýsingar um farþega til íslenskra löggæslufirvalda. Þar eru tilgreind nákvæm tæknileg atriði um sendingu nafnaskrár farþega (PNL) og viðbótarskrá (ADL).

Í undirbúningi er regla sem kveður á um umfang þeirrar skyldu að veita upplýsingar og koma þeim til tolyfirvalda, þ.m.t. snið, tímasetning og skipulag. Samkvæmt skýringartexta við ákvæði tollalaga er með upplýsingum um farþega átt við farþegaskrár (PNR) og upplýsingar úr vegabréfum (API) eins og mælt er fyrir um í alþjóðlegum PNRGOV-staðli. Enn sem komið er hafa ekki verið samdar tækniupplýsingar um sending þeirra gagna.

Nánari upplýsingar veitir viðkomandi lögregluumdæmi.



7. FLUGVALLARGJÖLD

Upplýsingar um notendagjöld á innanlandsflugvöllum og breytingar á þeim er að finna á heimasíðu Isavia sjá <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/gjaldskrar-isavia/flugvallargjold-fyrir-innanlandsflugvelli>

8. ÖNNUR GJÖLD

8.1. AFÍSUNARGJALD. Á ekki við árið 2019.

8.2. GJALD VEGNA SPILLIEFNAHREINSUNAR. Isavia mun innheimta kostnað vegna útgjalda sem hljóttast af olíu- eða efnaleka þegar loftfar er yfirfyllt eða vegna bilana af ábyrgðaraðila eða tryggingarfélagi hans. Hreinsunargjald miðast við hverja klukkustund eða hluta klukkustundar vegna vinnu starfsmanna flugvallarins og efniskostnað.

8.3. ÖNNUR GJÖLD Á INNANLANDSFLUGVÖLLUM. Innanlandsflugvöllum er heimilt að gjaldfæra viðskiptavin vegna hvers kyns viðbótarkostnaðar sem með sanngirni má telja að stafi af vangá flutningsaðila eða heimildarlausum athöfnum hans. Dæmi um slík gjöld eru þegar fjarlægja þarf rusl úr loftfari eða tilfærsla loftfars á flugvelli sem hefur verið lagt ranglega. Rekstraraðili flugvallar getur einnig gjaldfært viðskiptavin vegna annars kostnaðar við þjónustu sem ekki er skilgreind í þessum skilmálum.

9. GREIÐSLA KOSTNAÐAR OG VIRÐISAUKASKATTS

9.1. GREIÐSLUMÁTI. Viðskiptavini ber að gera samkomulagi við Isavia um greiðslumáta.

Ef ekki er samið um annað við Isavia gjaldfalla reikningar strax eftir að þjónustu lýkur á innanlandsflugvelli og skal ganga frá uppgjöri við fyrir brottför.

Isavia tekur einungis við greiðslum fyrir milligöngu afgreiðsluaðila á flugvelli þegar slíkar greiðslur byggja á formlegum samningi milli Isavia og afgreiðsluaðila.

Isavia kann að krefjast fyrirframgreiðslu eða bankaábyrgðar frá flugrekstraraðila sem ekki hefur verið viðskiptavinur félagsins undanfarna 12 mánuði eða hefur rofið samkomulag um greiðslur. Í slíkum tilvikum verður Isavia að hafa borist fyrirframgreiðsla eða bankaábyrgð áður en þjónusta hefst.

Til að tryggja uppgjör gjalda, kann Isavia að gera kröfu um fyrirframgreiðslu eða ásættanlega ábyrgð.

9.1.1 GREIÐSLA GEGN ÚTSENDUM REIKNINGI. Aðeins er unnt er að greiða gjöld vegna flugumferðarþjónustu eftir á gegn reikningi ef samið hefur verið um slíkt fyrirfram.

Reikningar verða sendir á heimilisfang sem viðskiptavinur gefur upp. Greiða verður inn á bankareikning Isavia á gjalddaga sem er 30 dögum eftir dagsetningu reiknings, sjá 9.1.

Athugasemdir vegna reikninga verða að berast innan 6 mánaða frá dagsetningu.

9.1.2 FYRIRFRAMGREIÐSLA. Fyrirframgreiðsla verður að taka til allra flugleiðsögugjalda fyrir viðkomandi flugáætlun eða endurtekningu hennar (áætlunarflug). Vinsamlegast athugið að fyrirframgreiðsla felur einungis í sér áætluð gjöld. Nægi hún ekki fyrir öllum gjöldum, verður krafist



viðbótargreiðslu. Umframgreiðslur verða færðar sem inneign flugrekanda eftir að flugi er lokið. Reikningar eru sendir viðskiptavinum fyrir bókhald hans. Isavia greiðir ekki vexti af fyrirframgreiðslum.

9.1.3 BANKAÁBYRGÐ. Bankaábyrgð verður að ná yfir öll þjónustugjöld vegna viðkomandi flugs. Ef Flugáætlun varir lengur en þrjú mánuði, verður ábyrgðin að ná yfir gjöld í a.m.k. þrjú mánuði. Jafnframt verður bankaábyrgðin að gilda í a.m.k. þrjú mánuði eftir að flugáætlun lýkur. Haldi flugið áfram í óákveðinn tíma, verður bankaábyrgðin sem tekur til gjalda í þrjú mánuði að halda gildi sínu í a.m.k. eitt ár frá upphafi flugáætlunar. Isavia getur einnig krafist þess að ábyrgðin gildi í ótiltekinn tíma.

Ávallt skal afla samþykkis Isavia á tilgreindri bankaábyrgð fyrir upphaf flugs eða flugáætlunar. Bankaábyrgðin skal vera óafturkræf; þ.e. ábyrgjast alla kröfuna og Isavia verður að samþykkja bankann sem gefur út ábyrgðina. Isavia áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna bankaábyrgð sem boðin er. Þegar Isavia hefur tekið á móti ásættanlegri bankaábyrgð, má greiða gjöld vegna flugleiðsöguþjónustu eftir á skv. reikningi.

9.2. DRÁTTARVEXTIR Á VANSKILAGREIÐSLUR. Ef ekki er greitt á réttum tíma, kunna að verða lagðir á dráttarvextir frá gjalddaga greiðslunnar.

Kröfur í íslenskum krónum (ISK) skulu bera dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma varðandi grunnráttarvexti og vanskilagjöld eins og kveðið er á um í fyrstu málsgrein 6. grein laga nr. 38/2001 um vexti og vísitölu. Ógreiddir dráttarvextir skulu bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 12 mánuðum eftir fyrstu dagsetningu dráttarvaxta.

9.2. 1 KRÖFUR Í EVRUM (EUR)

Kröfur í evrum skulu bera dráttarvexti sem samsvari eins mánaðar EURIBOR-vöxtum, eins og þeir eru ákvarðaðir á hverjum tíma, með 7,5% (sjö komma fimm prósent) vanskilagjaldi af gjaldfallinni upphæð, frá gjalddaga til greiðsludags. EURIBOR (evrópskir millibankavextir) eru vextir á millibankamarkaði í aðildarríkjum evrópska myntbandalagsins eins og þeir eru birtir kl. 11.00 f.h. að staðartíma í Brussel á Reuters EURIBOR01-skjá.

9.2.2 KRÖFUR Í ERLENDUM GJALDMIÐLI ÖÐRUM EN EUR

Kröfur í erlendum gjaldmiðlum öðrum en EUR skulu bera dráttarvexti er samsvari mánaðarlegum LIBOR-vöxtum, eins og þeir eru ákvarðaðir á hverjum tíma fyrir viðkomandi mynt, með 7,5% (sjö komma fimm prósent) vanskilagjaldi af gjaldfallinni upphæð, frá gjalddaga til greiðsludags. LIBOR (vextir á millibankamarkaði í London) eru vextir á millibankamarkaði í London eins og þeir eru birtir kl. 11:00 f.h. að staðartíma í London á Reuters BBA-skjá.

9.2.3 UMREIKNINGUR ÚR ERLENDUM GJALDMIÐLUM Isavia getur, án skuldbindingar, umreiknað vanskilakröfur í erlendum myntum yfir í íslenskar krónur (ISK) á gjalddaga kröfunnar eða síðar. Slíkur umreikningur skal byggja á kaupverði sem Seðlabanki Íslands birtir kl. 11:00 á uppgjörssdegi.

9.2.4 VANSKILAKOSTNAÐUR

Standi viðskiptavinur ekki skil á greiðslu, ábyrgist hann greiðslur til Isavia, auk vaxta og dráttarvaxta, fyrir öllum kostnaði sem fellur á Isavia vegna vanskilanna, málskostnaði eða öðrum kostnaði fyrir dómstólum, greiðslum til lögfræðings eða öðrum útgjöldum sem falla á Isavia.

9.3. VIRÐISAUKASKATTUR (VSK) Virðisaukaskatti sem rennur til ríkisins verður bætt við gjöld þar sem við á samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.



10. VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA

Í samræmi við lögum nr. 90/2018, sem innleiða Reglugerð ESB 2016/679 (GDPR) í íslenska löggjöf, verður að gera samning milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila (eða tveggja ábyrgðaraðila þar sem við á) vegna vinnslu persónuupplýsinga. Því verða viðskiptavinir flugvallarins að undirrita samning við Isavia um söfnun og vinnslu persónuupplýsinga vegna þjónustu við hreyfihamlaða, stjórnkerfis flugvallarins, eftirlits með brottfararspjöldum og annarrar vinnslu persónuupplýsinga eftir því sem við á.

11. ÁBYRGÐ ISAVIA

Isavia ber ábyrgð á öllu beinu tjóni sem leiðir af þjónustu sem tilgreind er í þessu skjali og unnt er að sýna fram á, samkvæmt íslenskum lögum, að rekja megi til athafna Isavia sem stafa af ásetningi eða alvarlegu gáleysi.

Isavia ber ekki ábyrgð á afleiddu eða óbeinu tjóni vegna þjónustustarfsemi, né heldur því sem einvörðungu telst fjárhagslegt tjón, eða tjóni sem ekki er af sanngirni unnt að ætla að Isavia hefði getað séð fyrir.

Gera verður skriflega kröfu til Isavia vegna bóta fyrir tjón innan þriggja mánaða frá því að mistökin sem krafan byggir á komu í ljós, eða innan mánaðar frá þeim tíma sem ætlast má til að þau hefðu legið ljós fyrir.

12. LÖG OG LÖGSAGA

Þessir þjónustuskilmálar lúta íslenskum lögum. Deilur sem upp kunna að koma í tengslum við og vegna þeirra skulu útkljáð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

13. UPPLÝSINGAR UM TENGILIÐI

Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: isavia@isavia.is

14. UPPLÝSINGAR SEM AÐ GAGNI MEGA KOMA

Reglur um flugafgreiðslu á innanlandsflugvöllum Isavia: - slóð kemur 1. Apríl

Flugvallargjöld – Innanlandsflugvellir

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/gjaldskrar-isavia/flugvallargjold-fyrir-innanlandsflugvelli>

